

Lög

Heimilisinaðarfélags Íslands

Núverandi lög - ~~yfirstrikað~~ breytt

Tillögur / um breytingar

1. kafli Nafn, heimili og tilgangur	I. kafli Nafn, heimili og tilgangur
<p>1. gr. Félagið heitir Heimilisiðnaðarfélag Íslands og er landsfélag, skammstafað HFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk félagsins er að efla og vernda þjóðlegan íslenskan heimilisiðnað og viðhalda þekkingu og áhuga landsmanna á því að framleiða fallega og nýtsama hluti sem hæfa kröfum nýs tíma og eiga sér rætur í þjóðlegum menningarafi. Að markmiðum félagsins skal unnið með:</p> <ol style="list-style-type: none">kynningu á íslenskum heimilisiðnaði, fræðslufundum, sýningum og útgáfu fréttabréfs, tímarits og handbóka til fræðslu og leiðbeiningarrekstri heimilisiðnaðarskóla og þjónustudeildaröðrum þeim hætti sem stjórn félagsins ákveður hverju sinni <p>Félagið veitir framleiðendum heimilisiðnaðar heimild til að nota viðurkenningarmerki frá Heimilisiðnaðarfélaginu á framleiðslu sín þegar það á við að mati stjórnar.</p> <p>Félagið á aðild að heimilisiðnaðarsamtökum Norðurlanda, Nordens husflidsforbund. (Sjá 5. grein)</p>	<p>1. gr. Félagið heitir Heimilisiðnaðarfélag Íslands. Nafn þess er skammstafað HFÍ.</p> <p>2. gr. Heimilisiðnaðarfélagið er landsfélag. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.</p> <p>3. gr. Hlutverk félagsins er að efla og vernda þjóðlegan íslenskan heimilisiðnað og viðhalda þekkingu og áhuga landsmanna á því að framleiða fallega og nýtsama hluti sem hæfa kröfum nýs tíma og eiga sér rætur í þjóðlegum menningarafi.</p> <p>4. gr. Að markmiðum félagsins skal unnið með:</p> <ol style="list-style-type: none">kynningu á íslenskum heimilisiðnaði, fræðslufundum, sýningum og útgáfu fréttabréfs, tímarits og handbóka til fræðslu og leiðbeiningarrekstri heimilisiðnaðarskóla og þjónustudeildaröðrum þeim hætti sem stjórn félagsins ákveður hverju sinni
2. kafli Félagar og félagsgjöld	II. Kafli Félagar, félagsgjöld og hlunnindi félaga
<p>2. gr. Allir áhugamenn um íslenskan heimilisiðnað geta orðið félagsmenn.</p>	<p>6. gr. Allir áhugamenn um íslenskan heimilisiðnað geta orðið félagsmenn.</p>
<p>3. gr. Aðalfundur ákveður árlegt félagsgjald.</p>	<p>7. gr. Aðalfundur ákveður árlegt félagsgjald og fer innheimta fram að aðalfundi loknum. Félagar sem ekki greiða félagsgjöld, þótt þeir hafi fengið kröfu þar um, falla sjálfkrafa af félagaskrá.</p>
<p>4. gr. Félagar, sem skulda félagsgjöld frá fyrra ári, hafa eigi atkvæðisrétt á fundum félagsins. Þeir, sem ekki greiða félagsgjöld tvö ár í röð, þótt krafnið hafi verið, falla sjálfkrafa af félagaskrá.</p>	<p>8. gr. Skuldlausir félagar hafa atkvæðisrétt á aðalfundi og öðrum fundum félagsins. Þeir fá ársritið Hug og hönd án endurgjalds. Þeir njóta afsláttar á námskeiðum félagsins og af vörum þjónustudeildar í samræmi við ákvörðun stjórnar.</p>

3. KAFLI Aðalfundur - félagsfundir	III. KAFLI Aðalfundur - félagsfundir
<p>5. gr. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.</p> <p>Aðalfundur skal halda í Reykjavík í apríl eða maí ár hvert. Boða skal aðalfund skriflega og skal pósthleggja fundarboð með 14 daga fyrirvara. Dagskrár skal jafnan geta í fundarboði. Aðalfundur er löglegur, ef löglega er til hans boðað. Störf aðalfundar eru þessi:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Formaður setur fundinn og stjórnar kosningu nefndar sem athugar kosningarétt fundarmanna og skilar álitum. 2. Formaður stjórnar kosningu fundarstjóra. 3. Fundarstjóri skipar fundarritara. 4. Fundarstjóri gefur yfirlýsingu um lögmæti fundar. 5. Skýrsla stjórnar og starfsnefnda. 6. Gjaldkeri félagsins leggur fram endurskoðaða reikninga og skýrir þá. 7. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga. 8. Lagabreytingar, sé þeirra óskað samkvæmt 19. gr. 9. Kosning aðalstjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna, samkvæmt 10. gr. 10. Kosning fastanefnda, samkvæmt 17. gr. 11. Ákvörðun um félagsgjöld næsta árs, sbr. 3. gr. 12. Önnur mál. <p>Þátttaka félagsins í erlendum og alþjóðlegum heimilis- og listiðnaðarsamtökum skal ákveðin á aðalfundi.</p>	<p>9. gr. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.</p> <p>Aðalfundur skal halda í apríl eða maí ár hvert. Stjórn skal boða til aðalfundar með a.m.k. fjórtán daga fyrirvara á heimasíðu, með tölvupósti eða öðrum öyggjandi hætti. Í fundarboði komi fram dagskrá aðalfundar.</p> <p>Aðalfundur er löglegur, ef löglega er til hans boðað.</p> <p>Störf aðalfundar eru þessi:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Formaður setur fundinn og stjórnar kosningu nefndar sem athugar kosningarétt fundarmanna og skilar álitum. 2. Formaður stjórnar kosningu fundarstjóra. 3. Fundarstjóri skipar fundarritara. 4. Fundarstjóri gefur yfirlýsingu um lögmæti fundar. 5. Skýrsla stjórnar og starfsnefnda. 6. Gjaldkeri félagsins leggur fram endurskoðaða reikninga og skýrir þá. 7. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga. 8. Lagabreytingar hafi komið tillaga þar um skv. 23 gr. 9. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar samkvæmt 14. gr. 10. Kosning fastanefnda, samkvæmt 21. gr. 11. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs í senn og eins til vara til að endurskoða reikninga félagsins. 12. Ákvörðun um félagsgjöld næsta starfsárs, sbr. 7. gr. 13. Önnur mál. <p>Þátttaka félagsins í erlendum og alþjóðlegum heimilis- og listiðnaðarsamtökum skal ákveðin á aðalfundi.</p>
<p>6. gr. Ársreikningar félagsins skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins í 10 daga fyrir aðalfund svo að félagsmenn geti kynnt sér þá.</p>	<p>10. gr. Ársreikningar félagsins skulu birtir á heimasíðu þess að minnsta kosti viku fyrir aðalfund svo að félagsmenn geti kynnt sér þá.</p>
<p>7. gr. Fundargerð aðalfundar skal undirrituð af fundarstjóra og ritara aðalfundar. Halda skal skrá um fundarsókn aðalfundar.</p>	<p>11. gr. Fundargerð aðalfundar skal undirrituð af fundarstjóra og ritara aðalfundar og birt á heimasíðu. Halda skal skrá um fundarsókn aðalfundar.</p>
<p>8. gr. Stjórn félagsins er heimilt að boða til almennra félagsfunda svo oft sem þurfa þykir. Skylt er að halda fund, ef 10 félagsmanna óska þess skriflega. Stjórn er skylt að halda fund innan þriggja vikna frá því lögleg krafa er fram sett. Boða skal almenna félagsfundi með sama hætti og segir í 5. gr., 2. mgr.</p>	<p>12. gr. Stjórn félagsins er heimilt að boða til almennra félagsfunda svo oft sem þurfa þykir. Skylt er að halda fund ef 10 félagsmenn óska þess skriflega. Stjórn er skylt að halda fund innan þriggja vikna frá því að lögleg krafa er fram sett. Boða skal almenna félagsfundi á heimasíðu félagsins og með tölvupósti til félagsmanna með a.m.k. tíu daga fyrirvara.</p>
<p>9. gr. Formaður setur fundi og stýrir þeim eða felur kjörnum fundarstjóra fundarstjórn. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum félagsins nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg, ef þess er óskað. Við kjör stjórnar á aðalfundi skal endurtaka atkvæðagreiðslu verði kosning jöfn. Verði kosning enn jöfn skal hlutkesti ráða.</p>	<p>13. gr. Formaður setur fundi og stýrir þeim eða felur kjörnum fundarstjóra fundarstjórn. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum félagsins nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg ef þess er óskað. Við kjör stjórnar á aðalfundi skal endurtaka atkvæðagreiðslu verði kosning jöfn. Verði kosning enn jöfn skal hlutkesti ráða.</p>

4.kafli Félagsstjórn	IV. kafli Félagsstjórn
<p>10 gr. Stjórn félagsins skipa fimm menn: þ.e. formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og einn meðstjórnandi. Varastjórn félagsins skipa tveir menn.</p> <p>Stjórn og varastjórn er kosin með skriflegri kosningu á aðalfundi félagsins til tveggja ára. Formaður og varaformaður eru kosnir sérstaklega. Annað árið skal kjósa formann, tvo meðstjórnendur og einn mann í varastjórn. Hitt árið skal kjósa varaformann, einn meðstjórnanda og einn mann í varastjórn.</p> <p>Allir félagsmenn eru kjörgengir til stjórnar, en þó missa þeir kjörgengi sem setið hafa þrjú kjörtímabil í röð, en öðlast kjörgengi aftur á næsta aðalfundi. Heimilt er þó að kjósa formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna, þótt þeir hafi setið þrjú kjörtímabil, og telst þá starfsaldur að nýju. Sama regla gildir um þann sem kosinn er úr varastjórn í aðalstjórn. Enginn skal þó sitja lengur en 12 ár samfelt í stjórn.</p> <p>Félagsmenn, einn eða fleiri, og stjórn félagsins hafa rétt til að gera tillögur um félagsmenn til kjörs í stjórn og starfsnefndir félagsins. Ávallt skal afla samþykkis viðkomandi áður en tilnefning fer fram. Tilnefning skal vera skrifleg og send skrifstofu félagsins með sannanlegum hætti fyrir 1. mars ár hvert. Gildir það bæði og jafnt um nýja frambjóðendur og sitjandi stjórnar — og nefndarmenn sem leita eftir endurkjöri. Stjórn kys ritara og gjaldkera á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfundum.</p> <p>(Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga félagsins. Fært í 9.gr.)</p> <p>Stjórnin ræður starfsfólk sem annast daglegan rekstur félagsins. (Ráðningarsamningar skulu gerðir við starfsfólk. (15)</p>	<p>14. gr Stjórn félagsins skipa fimm menn: formaður, varaformaður og þrír meðstjórnendur. Varastjórn félagsins skipa tveir menn. Sá varamaður sem fyrr er kosinn tekur fyrst sæti í stjórn.</p> <p>Stjórn og varastjórn er kosin með skriflegri kosningu á aðalfundi félagsins til tveggja ára. Formaður og varaformaður eru kosnir sérstaklega. Annað árið skal kjósa formann, tvo meðstjórnendur og einn mann í varastjórn. Hitt árið skal kjósa varaformann, einn meðstjórnanda og einn mann í varastjórn.</p> <p>Allir félagsmenn eru kjörgengir til stjórnar, en þó missa þeir kjörgengi sem setið hafa þrjú kjörtímabil í röð en öðlast kjörgengi aftur á næsta aðalfundi. Heimilt er þó að kjósa formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna, þótt þeir hafi setið þrjú kjörtímabil, og telst þá starfsaldur að nýju. Sama regla gildir um þann sem kosinn er úr varastjórn í aðalstjórn. Enginn skal þó sitja lengur en 12 ár samfelt í stjórn.</p> <p>Skuldlausir félagsmenn geta gefið kost á sér í stjórn félagsins eða í starfsnefndir þess. Félagsmenn geta gert tillögur um aðra félagsmenn til kjörs í stjórn eða starfsnefndir eftir að hafa aflað samþykkis viðkomandi. Tillögur skulu vera skriflegar og berast skrifstofu félagsins a.m.k. viku fyrir aðalfund.</p> <p>Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skiptir stjórn með sér verkum, kys ritara og gjaldkera.</p> <p>Ritari gegnir ritarastörfum og heldur gerðabók.</p> <p>Gjaldkeri hefur umsjón með fjárreiðum félagsins í samræmi við ákvörðun stjórnar. Hann skal leggja fram endurskoðaða reikninga eigi síðar en á síðasta stjórnarfundum fyrir aðalfund. Að öðru leyti ákveður stjórn hverju sinni skiptingu verkefna milli stjórnarmanna.</p>
<p>11. gr. Formaður boðar til stjórnarfundar svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að boða stjórnarfund ef tveir stjórnarmanna óska þess. Stjórnarfundur er lögmætur séu fjórir úr stjórn og varastjórn mættir.</p> <p>Varaformaður skal hafa eftirlit með allri áætlanagerð á vegum félagsins og sjá um að áætlanir allra nefnda liggja fyrir á aðalfundi.</p> <p>Ritari gegnir ritarastörfum og heldur gerðabók.</p> <p>Gjaldkeri hefur umsjón með fjárreiðum félagsins í samræmi við ákvörðun stjórnar. Hann skal leggja fram endurskoðaða reikninga eigi síðar en á síðasta stjórnarfundum fyrir aðalfund. Að öðru leyti ákveður stjórn hverju sinni skiptingu verkefna milli stjórnarmanna. (fært í 14. gr)</p>	<p>15. gr. Formaður boðar til stjórnarfundar svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að boða stjórnarfund ef tveir stjórnarmanna óska þess. Stjórnarfundur er lögmætur ef fjórir úr stjórn og varastjórn eru mættir.</p> <p>Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Hún sér um að framfylgja lögum félagsins, samþykktum aðalfunda og félagsfunda og ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum en falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.</p> <p>Stjórn ræður framkvæmdastjóra Heimilisiðnaðarfélagsins sem stýrir daglegum rekstri félagsins.</p> <p>Stjórn ræður annað starfsfólk í samráði við framkvæmdastjóra.</p> <p>Ráðningarsamningar skulu gerðir við starfsfólk.</p>
<p>12. gr. Stjórnin kys fulltrúa í allar fastanefndir einn fulltrúa félagsins á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund, sbr.17.gr.</p>	<p>16. gr. Stjórnin setur fastanefndum erindisbréf í samræmi við 21.gr. Stjórn heldur fund með fastanefndum a.m.k. einu sinni á ári.</p>

Stjórnin ákvarðar störf fastanefnda með erindisbréfi í samræmi við 17.gr. Stjórn ber að halda fundi með öllum fastanefndum tvisvar á ári.	
5. KAFLI Fjármál	V. KAFLI Fjármál
13.gr. Stjórn félagsins ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins og skuldbindur það gagnvart öðrum aðilum. Öll meiriháttar mál er fjármál varða skal stjórnin bera undir félagsfund. Stjórn félagsins skal gera fjárhagsáætlun um starfssemi félagsins á komandi ári og skal hún kynnt á aðalfundi.	17. gr. Stjórn félagsins ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins og skuldbindur það gagnvart öðrum aðilum. Gera skal fjárhagsáætlun um starfsemi félagsins. Öll meiri háttar mál er fjármál varða skal stjórnin bera undir aðalfund eða félagsfund.
14. gr. Stjórn félagsins ber að varðveita öll skjöl og gögn er geyma heimildir um störf félagsins.	18. gr. Stjórn félagsins ber að varðveita öll skjöl og gögn er geyma heimildir um störf félagsins.
15. gr. Stjórnin ræður viðurkenndan bóka til þess að annast bókun og gerð ársreikninga. Reikningsár félagsins er almanaksárið.	19. gr. Stjórnin ræður viðurkenndan bóka til þess að annast bókun og gerð ársreikninga. Reikningsár félagsins er almanaksárið.
16. gr. Stjórn félagsins er þá aðeins heimilt að kaupa eða selja fasteignir, byggja hús eða taka ákvarðanir, sem hafa í för með sér verulegar fjárskuldbindingar, að fyrir liggi samþykki aðalfundar eða félagsfundar. Ákvarðanir, sem skuldbinda félagið fjárhagslega, en falla ekki undir 1.mgr., þurfa undirskrift fjögurra stjórnarmanna.	20. gr. Stjórn félagsins er þá aðeins heimilt að kaupa eða selja fasteignir, byggja hús eða taka ákvarðanir sem hafa í för með sér verulegar fjárskuldbindingar, að fyrir liggi samþykki aðalfundar eða félagsfundar. Ákvarðanir sem skuldbinda félagið fjárhagslega en falla ekki undir 1. mgr., þurfa undirskrift fjögurra stjórnarmanna.
6. KAFLI Fastanefndir	VI. KAFLI Fastanefndir
17. gr. Eftirtaldar nefndir skal skipa til þess að hafa umsjón með ákveðnum málaflokkum: 1. Fræðslu- og fundanefnd, sem stendur fyrir samkomum f. félagsmenn og hefur frumkvæði að fræðslu- og kynningafundum um heimilisáætlun (í samráði við stjórn félagsins.) 2. Norræn nefnd, sem sér um norrænt samstarf heimilisáætlunarfélaganna. 3. Safnanefnd, sem sér um, skráir og miðlar bóka- og munasafni félagsins. 4. Skólanefnd, sem skal gera tillögur til félagsstjórnar um viðfangsefni skólans. 5. Ritnefnd, sem ritstýrir tímariti félagsins og gerir tillögur til stjórnar um handbækur til fræðslu og leiðbeiningar. 6. Uppstillingarnefnd, sem stillir upp í nefndir og stjórn fyrir kosningar á aðalfundi. (færð neðst í listann). 7. Verslunarnefnd, sem starfar með starfsmanni verslunar og er til aðstoðar varðandi vöruval, kynningu og rekstur. 8. Viðburðanefnd, sem sér um þrjónakaffi og aðra viðburði sem eru utan starfsviðs Fræðslu- og fundanefndar. Hverja nefnd skulu skipa fimm menn, nema uppstillingarnefnd, sem skal skipuð þremur mönnum, sbr. 18. gr. Nefndarmenn skipta sjálfir með sér verkum. Á aðalfundi skal kjósa tvo menn árlega í hverja nefnd til tveggja ára í senn. Stjórn félagsins skipar hinn fimmta til eins árs í senn. Fulltrúi stjórnar í nefndum skal kalla nefnd saman á 1. fund hennar eftir aðalfund. Auk þessara átta framantalinna fastanefnda getur aðalfundur eða stjórn félagsins ákveðið að skipa í nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum innan félagsins. Störf í fastanefndum félagsins eru ólaunuð, nema að stjórn félagsins ákveði annað.	21. gr. Eftirtaldar nefndir skal skipa til þess að hafa umsjón með ákveðnum málaflokkum í samráði við stjórn félagsins: 1. Fræðslu- og fundanefnd, sem stendur fyrir viðburðum og hefur frumkvæði að fræðslu- og kynningafundum. 2. Safnanefnd, sem sér um og skráir bóka- og munasafn félagsins. 3. Skólanefnd, sem skal gera tillögur um viðfangsefni skólans. 4. Ritnefnd, sem ritstýrir tímariti félagsins. 5. Verslunarnefnd, sem starfar með starfsmanni verslunar og er til aðstoðar varðandi vöruval, kynningu og rekstur. 6. Þrjónakaffinefnd, sem sér um þrjónakaffi. 7. Uppstillingarnefnd, sem stillir upp í nefndir og stjórn fyrir kosningar á aðalfundi. Hverja nefnd skulu skipa fimm menn, nema uppstillingarnefnd, sem skal skipuð þremur mönnum, sbr. 22. gr. Á aðalfundi skal kjósa tvo menn annað árið og þrjá hitt árið til tveggja ára í senn. Nefndarmenn skipta sjálfir með sér verkum. Sá nefndarmaður sem er fremstur í stafrófinu boðar fyrsta fund eftir aðalfund. Formaður nefndar er tengiliður við stjórn. Auk þessara sjö framantalinna fastanefnda getur aðalfundur eða stjórn félagsins ákveðið að skipa í nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum innan félagsins. Störf í fastanefndum félagsins eru ólaunuð, nema stjórn félagsins ákveði annað.

<p>18. gr. Uppstillinganefnd skipa þrír menn. Einn er kosinn hvert ár til tveggja ára í senn og einn tilnefndur af stjórn til eins árs í senn. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja að framboð berist til allra embætta HFÍ sem kosið er í á aðalfundi.</p>	<p>22. gr. Uppstillinganefnd skipa þrír menn. Einn er kosinn hvert ár til tveggja ára í senn og einn tilnefndur af stjórn til eins árs í senn. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja að framboð berist til allra embætta HFÍ sem kosið er í á aðalfundi.</p>
<p>7. KAFLI Lagabreytingar</p>	<p>VII. KAFLI Lagabreytingar</p>
<p>19. gr. Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi. Þarf 2/3 hluta atkvæða til þess að breytingar nái fram að ganga. Í aðalfundarboði skal þess sérstaklega getið að tillaga verði lögð fram og efni hennar lýst. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist skriflega stjórninni 1. mars.</p>	<p>23. gr. Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi. Þarf 2/3 hluta atkvæða til þess að breytingar nái fram að ganga. Í aðalfundarboði skal þess sérstaklega getið að tillaga verði lögð fram og efni hennar lýst. Skriflegar tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. mars.</p>
<p>8. KAFLI Félagsslit o.fl.</p>	<p>VIII. KAFLI Félagsslit o.fl.</p>
<p>20. gr. Ef slíta á félaginu verður það einungis gert á fundi þar sem mættir eru minnst ¼ allra skráðra skuldlausra félaga, enda greiði 2/3 hlutar fundarmanna því atkvæði. Ef ekki mætir tilskilinn hluti félagsmanna má boða til nýs fundar og verður þá félaginu slitið á löglegan hátt, ef 2/3 hlutar fundarmanna greiða því atkvæði. Verði félaginu slitið skulu eignir þess afhentar menntamálaráðuneytinu, sem ber að verja þeim til eflingar heimilisiðnaði í landinu.</p>	<p>24. gr. Ef slíta á félaginu verður það einungis gert á fundi þar sem mættir eru minnst 3/4 allra skráðra skuldlausra félaga, enda greiði 2/3 hlutar fundarmanna því atkvæði. Ef tilskilinn hluti félagsmanna mætir ekki má boða til nýs fundar og verður þá félaginu slitið á löglegan hátt, ef 2/3 hlutar fundarmanna greiða því atkvæði. Verði félaginu slitið skulu eignir þess afhentar Mennta- og menntamálaráðuneytinu, sem ber að verja þeim til eflingar heimilisiðnaði í landinu.</p>
<p>21. gr. Með lögum þessum, sem samþykkt eru á aðalfundi félagsins 28. apríl 2016, falla úr gildi eldri lög félagsins.</p>	<p>25. gr. Með lögum þessum, sem samþykkt eru á aðalfundi félagsins 27. maí 2020, falla út gildi eldri lög félagsins.</p>